



FUNDUR Í LANDBÚNAÐARNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 19. ágúst 2014.

Dagskrá:

1. Kosningar.
 - a) Formaður
 - b) Ritari
 - c) varaformaður
2. Fjallskilamál.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Mættir voru nefndarmenn samkvæmt undirskiftum og Þórður Pálsson var í símasambandi.

1. Gauti Jónsson kjörinn formaður, Anna Margrét Jónsdóttir ritari og Þórður Pálsson varaformaður. Valgarður lagði fram til kynningar siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Blönduós bær. Einnig afhenti hann nefndarmönnum erindisbréf til kynningar. Var nefndarmönnum gefinn viku frestur til að gera athugasemdir við erindisbréfið.
2. Gauti lagði fram fjárhagsáætlun fyrir göngur og réttarstörf haustið 2014. Einnig lagði hann fram drög að gangnaseðli. Lagt er til að fjallskilaeining hækki úr 280 kr. í 300 kr. Landgjaldið hækki úr 20 kr. í 22 kr. Gangnakaup hækki um 500 kr. Nokkrar umræður urðu um afréttarmál og fjallskil almennt.
3. Erindi frá Sigurði Ágústssyni, Geitaskarði, lá fyrir fundinum varðandi afréttarmál. Þar sem fyrir liggur að erindið varðar einnig fjallskilamál í Húnavatnshreppi, var fjallskilastjóra falið að ræða erindið við fjallskilastjóra deildar Bólstarðarhlíðarhrepps.



Blönduós bær

Rætt var um endurgreiðslu vegna refaveiða. Landbúnaðarnefnd leggur til að gerðar verði athugasemdir við samningsdrög við umhverfisstofnun varðandi endurgreiðslu vegna refaveiða og hann ekki undirritaður óbreyttur.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gauti Jónsson

Anna Margrét Jónsdóttir

Valgarður Hilmarsson